

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 58/98  
frá 4. júlí 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með  
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir  
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 47/98 frá 29. maí 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/48/EB frá 29. júlí 1997 um aðra breytingu á tilskipun  
ráðsins 82/711/EBE um nauðsynlegar grundvallarreglur til að mæla flæði efna úr plastefnum og  
-hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 30. lið (tilskipun ráðsins 82/711/EBE) í XII. kafla II. viðauka  
við samninginn:

„- **397 L 0048:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/48/EB frá 29. júlí 1997 (Stjtið.  
EB L 222, 12.8.1997, bls. 10).”.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 207.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 222, 12.8.1997, bls. 10.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/48/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbaso

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner